



Til handhafa EES útbodsgagna nr. 15679 „**Sjálfvirkir lyfjaskammtarar fyrir velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar**” fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útbodsgögn

Ágætu viðtakendur.

Eftirfarandi fyrirspurnir bárust á útbodsvefinn og sendist ykkur ásamt svörum svörumi kaupanda:

Fyrirspurn 1: Það er ljóst að útbóðið er viðamikíð og tímafrekt. Einnig eru þættir sem þarf að vinna með erlendum birgja. Við óskum því eftir að opnun útbodisins verði frestað til 15.1.2023. Það er rétt að áréttu að desember mánuður er ódrjúgur í vinnu sem þessa.

og 1 A : Óskað er eftir að frestur til að skila inn tilboðum sé framlengdur um 2 vikur.

Svar: Núgildandi samningar á lyfjaskömmtum munu fljótt renna út og því ekki hægt að veita frest til að skila inn tilboðum.

Fyrirspurn 2: Varðandi atriði 1.8 í matslíkani: Hægt er að stilla á mismunandi raddleiðbeiningar. Óskað er eftir nákvæmari skýringum um hvað er átt við hér.

Svar: Í atriði 1.9 í matslíkani er átt við að lyfjaskammtari bjóði upp á fleiri en eina rödd sem gefur raddleiðbeiningar þegar lyfin eru tilbúin til afhendingar, og að hægt sé að velja á milli a.m.k. tveggja radda sem henta skjólstæðing, t.d. karlmansrödd og kvenmannsrödd.

Fyrirspurn 3: Varðandi atriði 2.2 í matslíkani: Einfalt er að skipta um lyfjarúllur.

Óljóst er eftir hverju á að meta, óskað er eftir nákvæmari skýringum hvernig meta á hversu einfalt sé að skipta um lyfjarúllur. Hvaða matsþættir koma til skoðunar hér?“

Svar: Við notendaprófanir verður horft til þess hversu einfalt eða flókið það er að setja nýja lyfjarúllu í tækið, t.d. verður tekið til skoðunar hversu mörg skref starfsmenn þurfa að fara í gegnum til þess að setja lyfjarúllu í tækið og hversu langan tíma það tekur.

Fyrirspurn 4: Vegna lágmarkskröfu 2.1.4 (4): Óskað er eftir nánari upplýsingum og frekari skýringum á ákvæðum útbodsskilmála um lágmarkskröfur til vélbúnaðar, hugbúnaðar og þjónustuaðila, m.t.t. grein 2.1.4 lið 4 sem er svohljóðandi: “Kerfið skal geta nýtt þann netþjón sem til staðar er á Íslandi”. Ef ætlunin er að gera þá kröfu að kerfið sé hýst á vefþjóni á Íslandi einvörðungu er óskað eftir skýringum á þeirri kröfu og upplýsingum á hvaða forsendu hún er byggð. Jafnframt er þá farið fram á að skilmálar útbodisins verði endurskoðaðir að þessu leyti og þeim breytt þannig að hýsa megi kerfið á vefþjónum innan Evrópska efnahagssvæðisins, enda feli ófrávíkjanleg krafa um hýsingu á vefþjónum hérlandis í sér mismunun og brot gegn jafnræði bjóðenda við framkvæmd EES-útbodisins og geti varla átt rétt á sér þar sem samræmdar reglur gilda um öryggi og meðferð persónuupplýsinga á EES-svæðinu.

Svar: Hér er ekki átt við að hýsa þurfi kerfið á íslenskum vefþjónum, hýsa má kerfið á vefþjónum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hér er átt við að vélbúnaðurinn þurfi að ná tengingu við þann netþjón/farnetstengingu sem er opin á Íslandi, 2G, 3G, 4G eða 5G. En hafa þarf í huga að fjarskiptastofa hefur sett fram áætlun um lokun 2G og 3G farnetþjónustu á Ísland á næstu árum.

Fyrirspurn 5: Jafnræði bjóðenda: Óskað er eftir upplýsingum um hvernig kaupandi ætlar að tryggja jafnræði milli bjóðenda í ljósi þess að lausn frá einum aðila hefur verið í prófun hjá kaupanda, og starfsmenn kaupanda þekkja hana því betur en aðrar lausnir?

Svar: Samkvæmt gr. 0.8.2 í útbodsgögnum er farið yfir þá matsflokka sem verða metnir til gæða búnaðar hjá öllum bjóðendum sem mun tryggja jafnræði á milli bjóðenda.

Eftir opnum tilboða skulu bjóðendur afhenda kaupanda eitt eintak af búnaði sem boðinn er, til láns í vikutíma fyrir matsnefnd til mats sbr. gr 0.8.2.

Kaupandi mun velja og semja við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboðið á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða að uppfylltum lágmarkskröfum.

6: Kynning: Fá bjóðendur tækifæri til að kynna sýna lausn fyrir matsteymi kaupanda áður en mat fer fram?

Svar: Já.

Bjóðendum verður boðið að koma og kynna lausnina í að hámarki 1 klst. innan stutt frests frá opnun tilboða, einnig verður hægt að kynna í gegnum fjarfundabúnað. Samhliða verður óskað eftir því að bjóðendur afhendi kaupanda eitt eintak af búnaði sem boðinn er til láns í vikutíma fyrir matsnefnd til mats sbr. gr.0.8.2.

Fyrirspurn 7: Verðbreytingar: Í ljósi óvenju hárrar verðbólgu á Íslandi, í Evrópu og í heiminum öllum er gríðarlega erfitt að festa verð til 4 ára sbr. grein 1.4. Verður endurskoðun á verðum eða binding við vísitölu leyfð í þessu ljósi? Ef bjóðendur eiga að taka á sig alla áhættu varðandi verðþróun næstu ára má leiða á því líkum að það skili sér í hærra einingaverði.

Svar: Tilboðsverð fyrir lið 1.1. í tilboðsskrá mun vera endurskoðað 1 sinni á ári og verður það gert í samræmi við breytingar á gengi evru. Fyrsta endurskoðun á einingaverði fyrir tilboðslið 1.1. er í janúar 2024. Samningsbundnar greiðslur skulu breytast í samræmi við það til hækkunar eða lækkunar. Viðmiðunargengi er gengið á opunardegi tilboða. Tilboðsverð fyrir lið 1.2 – 1.3 í tilboðsskrá skal vera fast út samningstímann.

Fyrirspurn 8 A og B: Vegna (lágmarkskröfu) skalkröfu 2.1.1. **Tæknilegar forsendur**

Krafa nr. 4: er ásættanlegt ef hægt er að nálgast lyfjapoka og daga út úr skammtaranum fleiri en einn lyfjaskammt í einu?

Svar: Nei, það myndi ekki uppfylla grunnkröfur ef hægt er að nálgast lyfjapoka og draga út úr skammtaranum fleiri en einn lyfjaskammt í einu.

Krafa nr. 10: Þýðir þessi (lágmarkskrafa) skalkrafa að lyfjaskammtari ætti að geta lesið nafnið og kt sem er prentað á hver lyfjapoka fyrir sig?

Svar: Þessi krafa þýðir að lyfjaskammtarinn verður að tryggja að réttur skjólstæðingur sé að fá rétt lyf, það er t.d. gert með því að lyfjaskammtari lesi nafn og kennitölu sem prentað er á lyfjapoka og beri saman við nafn og kennitölu sem búið er að skrá inn á kerfi á þann tiltekna skammtara sem viðkomandi er með.

Fyrirspurn 9: Vegna skalkröfu (lágmarkskröfu) 2.1.2 **Viðvaranir:**

Krafa nr. 1. Hvaða kröfur eru gerðar um að verði um lyfjaskammtin sem ekki er tekin? Ætti hann að færast sjálfkrafa í læst lyfjahólf til að koma í veg fyrir að skjólstæðingur getir tekið lyfin á röngum tíma?

Svar: Það eru ekki gerðar kröfur um að lyfið fari í sérstakt hólf, en eins og kemur fram í lið 2.1.1 punkti 5, þá skal lyfjaskammtari tryggja að þjónustuþegi hafi aðeins aðgang að þeim lyfjum sem honum er ætlað að taka hverju sinni.

Viðauki þessi er nú hluti ofangreindra útboðsgagna.